

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógetans í Reykja- 51
vík um uppgjöf saka í tilefni af ríkistöku Hans hátignar Frede- 18. apríl.
riks konungs hins Áttunda.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 29. f. m. í tilefni af ríkistöku Hans hátignar allramildilegast þóknast að ákveða að veitt skuli uppgjöf á sökum á Íslandi eptir því sem hjer segir: Öllum þeim, sem við hina borgaralegu dómstóla eru nú sem stendur dæmdir fullnaðardómum eptir 23.—27. kapítula hinna almennu hegningarlaga, að báðum þeim kapítulum meðtöldum, án þess að þeir hafi afplánað hegninguna, enda hafi þeir eigi áður sætt fangelsishegningu eða hegningarvinnu, skulu gefnar upp sakir að öllu leyti, svo framarlega sem hin idæmda hegning eigi fer fram úr fangelsishegningu. Hið sama á og við í slíkum málum, sem skotið hefir verið til æðri rjettar aðeins af hálfu hins opinbera, svo að málsskot fellur burtu, ef dómur í æðra rjetti er eigi þegar kveðinn upp í málinu. Hafi málsskot átt sjer stað eptir beiðni hins dæmda, er það undir honum komið, hvort hann vill að málsskotið falli burtu og að hegninginn verði gefin honum upp samkvæmt framanskráðu, og ber þegar í stað að heimta yfirlýsing hans þarað lútandi. Ef mál þess eðlis, er hjer er um að ræða, eru undir rannsókni, er stjórnarráðinu veitt heimild til að láta málin falla niður, ef hegning sú, er um getur verið að ræða, eigi virðist muni fara fram úr fangelsishegningu.

Þetta er yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, ef til þarf að taka, og ber yður, ef slík mál, sem framanritaður úrskurður snertir, eru hjá yður undir rannsókni, að senda hingað útskript um málið ásamt umsögn yðar, svo að stjórnarráðið geti tekið ákvörðun um það, hvort málssókn skuli niður falla eða ekki, sbr. niðurlag konungsúrskurðarins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um innflutning á svinum. 52

14. maí.

Stjórnarráðið hefir frá forstöðumanni hvalveiðastöðvarinnar í Tálknafirði, Olaf Fostenes, borizt beiðni um að honum verði leyft að flytja á land á tjeða hvalveiðastöð 9 svin, sem þegar eru komin með skipi þar á fjörðinn.

Eptir að hafa leitað álits dýralæknisins í Suður- og Vesturömtunum um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. f. á. veitt leyfi til þessa með eptirfarandi skilyrðum:

- 1) Að tveir dómkvaddir menn skoði svinin og álitu þau heilbrigð;
- 2) Að svinin sjeu flutt upp á hvalveiðastöðina og geymd þar á umgirtu svæði, er aðrar skepnur komi ekki nærri, unz þeim verður slátrað eða þau flutt aptur til útlanda.

31. dag maímánaðar 1906.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.

- 52**
14. maí
- 3) Að eigandi, ef upp kemur sýki á svinunum, sem grunur er um að geti verið næm, gjöri yður, herra sýslumaður, aðvart, og væntir stjórnarráðið þá þess, að þjer gjörið nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja það, að sýkin breiðist ekki út, en tilkynnið það hingað með fyrstu ferð; og
- 4) Að eigandi borgi allan kostnað, er leiða kann af skoðun þeirri, er ræðir um undir 1. lið og ráðstöfunum samkvæmt 3. lið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar að því viðbættu, að nefndum Olaf Fostenes hefir hjeðan verið tilkynnt leyfi þetta.

53
5. maí

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem samið hefir bæjarstjórn nefnds kaupstaðar.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir fullt gildi á kaupstaðarlóðinni, eins og hún nú er, eða siðar kann að verða.

Á byggðum og ræktuðum svæðum í lögsagnarumdæmi bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar skal ákvæðum samþykktarinnar beitt að svo miklu leyti sem því verður við komið og heilbrigðisnefnd telur þörf á.

2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki til 3 ára.

Bæjarstjórnin skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef; skal launa hann úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Nefndin skal hafa fundarbók og rita í hana allar gerðir sínar.